

Magnús Sæmundsson kennaraskólanemandi er fæddur 8. október 1950. Hann hefur neitað öllum sakargiftum og lýst því yfir, að hann viti ekkert um tilraun til sprengingar og brennu í Hvalfirði.

Ljóst þykir, þótt rannsókn máls þessa sé á frumstigi, að veigamiklar líkur séu fram komnar fyrir því, að Magnús Sæmundsson kennaraskólanemi hafi tekið þátt í för upp í Hvalfjörð síðastliðið mánudagskvöld til þess að koma fyrir heimatilbúinni tímasprengju í herskála þar.

Þar sem rannsókn máls þessa er á algeru frumstigi, og málið virðist vera allyfirgripsmikið, og ekki hefur náðst til allra þeirra, sem fyrirbyggjandi upplýsingar nú benda til, að séu sakborningar, og ekki hefur ennþá náðst til ýmissa vitna, þykir verða, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 82/1961, að úrskurða kærða, Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, í gæzluvarðhald í allt að 14 daga, á meðan rannsókn málsins stendur.

Því úrskurðast:

Magnús Sæmundsson kennaraskólanemi, Hrauntungu 73 í Kópavogi, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.

Mánudaginn 19. maí 1969.

Nr. 93/1969. **Valdstjórnin**

gegn

Rúnari Freysteini Björgvinssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur kveðið upp Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga

nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1969, sem barst dómnum 14. s. m., og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Varnaraðili er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVIII. og XXVII. kafla, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. maí 1969.

Lögreglurannsókn í máli þessu hófst í gær, laugardaginn 10. maí, kl. 2245, en þá kom ungur skólanemandi, Ásmundur Jón Jónsson, Bjarnhólastíg 1 hér í bæ, á lögreglustöðina í Kópavogi og kvaðst hafa upplýsingar fram að færa varðandi tilraun til að sprengja upp og brenna herskála varnarliðsins uppi í Hvalfirði snemma í síðustu viku. Áframhaldandi rannsókn í máli þessu leiddi í ljós mjög sterkar líkur fyrir því, hverjir hefðu verið viðriðnir þessa meintu tilraun til sprengingar og brennu.

Eiríkur Kolbeinsson skólanemandi, Digranesvegi 44 hér í bæ, fæddur 13. september 1953, hefur skýrt svo frá við lögreglurannsóknina, að hann hafi útbúið klukkur þær, sem settar höfðu verið í samband við heimatilbúna sprengju, sem fannst í herskála uppi í Hvalfirði í síðustu viku. Eiríkur kveðst hafa afhent klukkur þessar síðastliðið mánudagskvöld við Tjarnargötu 20 í Reykjavík tilteknum mönnum, sem síðan fóru með þær ásamt sprengjunni og komu þessu fyrir í herskalanum. Sjálfur kveðst Eiríkur ekki hafa farið með.

Samkvæmt upplýsingum Eiríks, sem studdar eru frekari gögnum undir rannsókn málsins, segir hann menn þá, sem fóru með klukkurnar og sprengjuna upp í Hvalfjörð og komu þessu fyrir í herskála þar eftir að hafa hellt steinolíu á gólf skálans í kring,

vera þessa: Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, Hrauntungu 73 hér í bæ, Guðmund Jóhann Hallvarðsson iðnnema, Auðbrekku 21 hér í bæ, Jón Sigurðsson, 19 ára, til heimilis að Óðinsgötu í Reykjavík, Steingrím, 16—17 ára, til heimilis í Reykjavík, og Helga Kúld, fullorðinn mann, til heimilis í Kópavogi. Svo og er tilgreindur piltur að nafni Rúnar, en Rúnar þessi var sagður eiga heima einhvers staðar á Réttarholtsveginum.

Rúnar Freysteinn Björgvinsson nemandi, Réttarholtsvegi 81, fæddur 14. febrúar 1951 í Reykjavík, kom fyrir rannsóknarlögreglu nú í kvöld til yfirheyrslu vegna máls þessa, og neitaði hann þá að vera nokkuð viðriðinn mál þetta og ekkert um það vita og ekki heyrt á það minnst, fyrr en hann hafi lesið um það í dagblaðinu Vísi. Hann kvaðst þekkja Steingrím Steinþórsson og Jón Sigurðsson.

Enda þótt rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi, verður þó að telja, að veigamiklar líkur séu fram komnar fyrir því, að nefndur Rúnar Freysteinn Björgvinsson hafi tekið þátt í för upp í Hvalfjörð síðastliðið mánudagskvöld til þess að koma þar fyrir heimatilbúinni sprengju í herskála.

Þar sem rannsókn málsins er á algeru frumstigi enn, en málið virðist allyfirgrípsmikið, og ekki hefur enn náðst til allra þeirra, sem fram komnar upplýsingar benda til, að séu sakborningar, og ekki hefur gefizt tími til að taka skýrslur af vitnum, þykir verða, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 82/1961 um rannsókn opinberra mála, að úrskurða kærða, Rúnar Freysteinn Björgvinsson nemanda, Réttarholtsvegi 81, Reykjavík, í gæzluvarðhald í allt að 14 daga, meðan frekari rannsókn fer fram.

Því úrskurðast:

Rúnar Freysteinn Björgvinsson nemandi, Réttarholtsvegi 81, Reykjavík, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.
